

Brúnó.

Leiðrjettingar.

Nafn Brúnós hafði gleymst úr grein minni í gær í prentun; það var hann sem sagði að sólkerfin væru óendanlega mörg, og lifandi verur mundu vera á fleiri jarðstjörnum en þessari jörð. Því var það, sem Þjóðverjinn Schioppe, sem hafði horft á Brúnó brendan skrifsaði á þessa leið: »Þá er nú búið að steikja Brúnó og nú getur hann kunngjört í þessum ímynduðu veröldum sínum, hvernig tekjó er á guðlösturum og glæpamönnum í Rómaborg.«

Brúnó var einn af mestu velgjörðamönnum mannkynsins, og fáir munu hafa verið hans líkar.

— í staðinn fyrir: Og að endingu o. s. frv. á að standa: Þá er það sem jeg ætla að mælast til.

16/5 Helgi Pjeturss.

27. maí 1913

Vísir

Sunnud. 18. maí 1913.

Dr. Helgi Pjeturss. heldur í dag — ef veður leyfir — fyrirlestur uppi við Skólavörðu um framtíð jarðarbyggja og lífið á öðrum stjörnum. Fyrirlesturinn hefst kl. $5\frac{1}{2}$. Enginn aðgöngueyrir.

Vísir

Mánud. 19. maí 1913.

Fyrirlestur *Dr. Helga Pjeturss.*, sem átti að vera í gær upp við Skólavörðu, fórst fyrir sökum storms og kulda. Raunar kom þangað fjöldi manns þrátt fyrir veðrið, en fyrirlesarinn taldi eigi hættulaust heilsu manna, að standa í kuldum meðan hann flytti erindið og aflysti því fyrirlestrinum.